

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Naustahverfis 2. áfanga, Ljómatún 3.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 6. mars 2007 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi.

Breytingin felur í sér að lóðirnar Ljómatún 1 og 3 verði sameinaðar undir heitinu Ljómatún 1 og að eitt fjölbýlishús á tveimur hæðum, með allt að 10 íbúðum og 5 bílgeymslum verði byggt í stað tveggja fjölbýlishúsa á tveimur hæðum með samtals allt að 12 íbúðum.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi Sandgerðisbótar, Óseyri 10 og 12.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 20. ágúst 2007 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi.

Breytingin felur í sér að þrjár lóðir fyrir verbúðir við Ósvör 10-14 eru sameinaðar og þeim breytt í tvær stærri lóðir, Ósvör 10 og 12 og fá þær stærri byggingarreit. Nýtingarhlutfallið verður 0,46 í stað 0,43.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 14. september 2007,*

**Pétur Bolli Jóhannesson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 28. september 2007